

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulspjóðgarðs

11. fundur



Þriðjudagur 6.febrúar 2024, kl. 14:30 í fjarfundi.

Mættir: Anna Hallgrímsdóttir, Hákon Ásgeirsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Kristinn Jónasson, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson og Þórður Runólfsson.

Sigurður Guðjónsson fjarverandi.

Fundargerð ritaði Rut Ragnarsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulspjóðgarðs

1. Breytingar á þjóðgarðsráði

Ingunn Bragadóttir hefur sagt sig úr stjórn og hennar sæti tekur Sigurður Guðjónsson fyrir SAMÚT (Samtök útivistarfélaga).

3. Starfsmannamál

Auglýst var 70% starf þjónustufulltrúa á dögnum og var Ragnheiður Guðmundsdóttir ráðin. Eru þá átta starfsmenn í heilsárs starfi í þjóðgarðinum. Ragnheiður hóf störf 1.febrúar. Það skiptir sköpun að fá aukið stöðugildi inn til að halda báðum gestastofum opnum en helgarmönnum hefur verið erfið í vetur.

Auglýsing fyrir störf sumarlandvarða er nú í gangi og verða ráðnir 4-5 landverðir og þjónustufulltrúi með mismunandi löngu starfstímabili frá maí – október.

Landvarðanámskeið Umhverfisstofnunnar er nú í gangi og verða haldnar staðarlotur í þjóðgarðinum tvær helgar í febrúar. Nú í ár voru helmingi fleiri nemendur teknir inn en síðustu ár.

4. Ný heimasíða

Ný heimasíða þjóðgarðsins hefur verið opnuð og verið er að leggja lokahönd á enska hluta hennar. Það er mikill styrkur fyrir þjóðgarðinn að fá sitt eigið vefsvæði en hingað til hefur hann verið undirsíða á vefsvæði Umhverfisstofnunnar.

Á nýrri heimasíðu verða upplýsingar um þjóðgarðinn og friðlýst svæði í Snæfellsbæ, gönguleiðir og áningarstaðir, fræðsla og fréttir aðgengilegt á notendavænan hátt. Tilkynningar um vetrafærð, lokanir vegna og gestastofa ásamt öðrum mikilvægum tilkynningum birtast á banner á heimasíðunni.

Vinna er hafin við gerð fræðsludagskrár fyrir komandi ár og er stefnan að auka við fræðslutengda viðburði.

Þjóðgarðurinn tók þátt í Mannamótum annað árið í röð. Mannamót er haldið ár hvert í janúar og er kynningarvettvangur fyrir ferðaþjónustuaðila. Áttum gott samtal við ferðaþjónustuaðila víðsvegar um landið enda skiptir það miklu máli fyrir þjóðgarðinn að vera í góðum samskiptum við ferðaþjónustuna.

5. Kynningar á samkeppni um sýningu í Þjóðgarðsmiðstöð

Kvorning, Yoke og Verkstæðið unnu hönnunarsamkeppni um sýningu í Þjóðgarðsmiðstöð. Hákon fór yfir hönnunartillögur en Bárður Snæfellsás mun leiða gesti í gegnum sýninguna. Sýningin skiptist upp í hið mannlega og hið náttúrulega.

Ein hugmyndin er að taka viðtöl við fólk úr samfélaginu þar sem gestir geta hlustað á sögur frá fólki á svæðinu. Óskað eftir ábendingum um aðila frá þjóðgarðsráði fyrir þessi viðtöl.

Í sýningunni er gert ráð fyrir aðstöðu þar sem landvörður getur verið með fræðslu maður á mann um náttúruna, með því getur starfsfólk þjóðgarðsins tekið beinan þátt í sýningunni.

Sýningin mun liggja í gegnum alla bygginguna, bæði að innan og utan. Fjölnota rými verður áfram í ráðstefnusal þar sem mögulegt verður að halda fyrirlestra, tónleika, ráðstefnur og aðra menningartengda viðburði.

Hönnuðir horfa á að endurnýta úrgang úr Þjóðgarðinum í sýningunni, m.a. nota netadræsur sem finnast í fjöllum þjóðgarðsins í sætispullur og/eða vegglist.

Vinna er hafin með hönnunarteymum og er fundað reglulega með þeim. Verða með vinnudag 20. febrúar á Hellissandi ásamt starfsmönnum þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir að sýningin opni í sumar.

Hákon sendir hönnunartillögur til þjóðgarðsráðs.

Þrjár tillögur voru í lokasamkeppninni eftir forval hjá Ríkiskaupum, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Snæfellsjökulþjóðgarðs. Í forvalsnefnd sat fyrir þjóðgarðinn Rut Ragnarsdóttir, þjónustustjóri og í dómnefnd fyrir þjóðgarðinn og Umhverfisstofnun sátu Hákon Ásgeirsson, þjóðgarðsvörður og Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðstjóri.

6. Verkefni ársins 2023

Hákon fór yfir þau verkefni sem kláruð hafa verið frá síðasta fundi.

Vinna við smíð á flokkunartunnum og hillum í minjagripasölu í Þjóðgarðsmiðstöð er lokið.

Viðhald og uppbygging á Nautastíg og gönguleiðinni að Dritvík er lokið, Stokkar og Steinar sá um framkvæmdina.

Uppfærsla á aðgerðaráætlun þjóðgarðsins er í vinnslu og bíðum við eftir að sjá hvaða verkefni fá fjármagn úr landsáætlun.

Fræðsluskilti eru í vinnslu og stefnt er að setja þau í framleiðslu í apríl. Fáum aðgang að forriti til að forvinna skiltin og fullklára vegvísana. Skiltin verða sett upp í þjóðgarðinum í vor og sumar.

Erum að koma okkur upp öryggisáætlun fyrir þjóðgarðinn ásamt rýmingaráætlun fyrir bæði þjóðgarðsmiðstöð og gestastofu á Malarrif.

7. Gestafjöldi 2023

Hákon fór yfir gestafjölda í þjóðgarðinum en áætlaður fjöldi gesta samkvæmt talningu árið 2023 eru 434.405 manns. Stærsta árið þar á undan var árið 2019. Aukning gesta hefur verið fyrstu vikur ársins 2024 frá því árið 2023.

Gestafjöldi árið 2023 á gestastofuna á Malarrífi var um 77 þúsund. Um 1900 manns hafa komið í gestastofuna í janúar 2024.

Í Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi árið 2023 komu um 24 þúsund manns en húsið opnaði í lok marsmánaðar 2023. Nú er svipaður fjöldi að koma í báðar gestastofurnar.

Heildarfjöldi á gestastofum eru um 100 þúsund gestir árið 2023.

Ágúst mánuður var metmánuður gesta á Djúpalónssandi en þá komu um 40 þúsund gestir. Yfir árið komu um 206 þúsund manns á Djúpalón og flestir þeirra eru að koma á milli kl. 10-15. Þann dag sem flestir komu fóru 418 bílar niður á Djúpalónssand.

Gestafjöldi á Saxhól var um 200 þúsund manns árið 2023.

Þjóðgarðurinn hefur markvisst verið með vetrarþjónustu á fjórum áningarstöðum yfir veturinn, þegar veður leyfir sem eru Svalþúfa, Saxhóll, Malarrif og Djúpalón. Lagfæring og uppbygging Vegagerðar á veginum niður á Djúpalón mun auðvelda vetrarþjónustu um veginn. Við þá vinnu verður hugað að því að vegurinn falli eins vel að landinu og hægt er og öllu raski haldið í lámarki.

Hákon sendir glærur yfir gestafjölda í þjóðgarðinn til Þjóðgarðsráðs.

8. Hleðslustöðvar

Fyrirhugað er að hleðslustöðvar verði settar við Þjóðgarðsmiðstöð, Malarrif og Djúpalón þegar nýtt bílastæði verður fullklárað þar.

9. Klósett og bílplön á Djúpalónssandi

Fyrirhugað er að opna salerni á efra bílastæði við Djúpalón með vorinu.

10. Malarrif – Vitavarðarhús

Magnús hefur talað við Minjastofnun og verður í samskiptum við Fjársýslu- og fasteignir ríkisins. Þar sem hvatt verður til þess að húsið verði varðveitt.

11. Verkefni ársins 2024

Þau verkefni sem sótt var um í landsáætlun og beðið er eftir svörum.

Svæði	Verkefni	Ár
Þjóðgarðsmiðstöð	Útisvæði	2024
Saxhóll	Lokafrágangur	2024
Saxhóll	Malbikun og merking bílastæðis	2025
Djúpalón	Frágangur við neðra bílastæði, pallur og áning	2024
Djúpalón	Malbikun og frágangur á nýju bílastæði og í kring	2024
Djúpalón	Salernisbygging og frágangur í kringum hana	2024
Búðir	Deiliskipulag	2024
Búðir	Endurnýjun fjárgirðingar	2024

12. Önnur mál

Vegagerðin stefnir að því að fara í framkvæmdir á veginum niður á Djúpalón og vonandi getum við samræmt þær aðgerðir við lagfæringar á neðra bílastæði um leið og vegurinn verður lagaður.

Næsti fundur er ákveðinn 19.mars 2023 kl. 14:30

Fundi lokið kl. 16:05